

Mannvit hf
Rúnar D. Bjarnason
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2011

Tilvísun: 2011030067 /

Efni: Matsáætlun - Búlandsvirkjun, allt að 150 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftártungu, Skaftárhreppi

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Suðurorku ehf. að Matsáætlun - Búlandsvirkjun, allt að 150 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftártungu, Skaftárhreppi.

Suðurorka ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 11. júlí 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

Suðurorka ehf. Matsáætlun - Búlandsvirkjun, allt að 150 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftártungu, Skaftárhreppi. Mannvit hf. júlí 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skaftárhreppi, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skaftárhreppi með bréfi dags. 23. ágúst 2011, Ferðamálastofu með bréfi dags. 8. ágúst 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 19. júlí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. júlí 2011, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 25. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 27. júlí 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 18. júlí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. ágúst 2011. Athugasemdir bárust frá: Augnabliki listafélagi með bréfi dags. 28. júlí 2011, Ástu Arnardóttur með bréfi dags. 28. júlí 2011, Hildi M. Einarsdóttur með bréfi dags. 29. júlí 2011, Ingibjörgu G. Guðmundsdóttur með tölvupósti dags. 28. júlí 2011, Jóni M. Guðmundssyni með tölvupósti dags. 28. júlí 2011, Jóni Geir Ólafssyni, Ólöfu Rögnu Ólafsdóttur, Ólafi Björnssyni og Steinunni Guðjónsdóttur með bréfi dags. 29. júlí 2011, Kristínu Gardarsdóttur með tölvupósti dags. 29. júlí 2011, Ólafi S. Andréssyni og Sigrúnu Helgadóttur með bréfi dags. 29. júlí 2011, Sigríð Valtingoer með bréfi er barst 3. ágúst 2011 og Snorra Sigurjónssyni með tölvupósti dags. 29. júlí 2011. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með tölvubrési dags. 6. september 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Suðuroorku ehf. að matsáætlun Búlandsvirkjunar ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Mannvits verkfræðistofu í tölvubréfi dags. 6. september 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 3.3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um veitu við Búland. Skipulagsstofnun telur umfjöllun í tillögunni óljósa og leggur áherslu á að fjallað verði ítarlega um þessi mannvirki í frummatsskýrslu, m.a. umfang þeirra og tilgangur þeirra skýrður. Ef tekin verður ákvörðun um að reisa þessi mannvirki tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Orkustofnunar um nauðsyn þess að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um og leggja mat á möguleg áhrif þeirra á setflutninga, svifaur, botnskrið, þéttingu hrauna og þróun farvega (vatnsformfræðilega þætti) í Skaftárhlaupum.

Í kafla 3.3.4 er fjallað um nauðsyn á uppbyggingu Fjallabaksleiðar nyrðri á um 15 km kafla að Hólaskjóli sem sé nýttur hluta árs sem ferðamannavegur og gert ráð fyrir að hafa fullt samráð við hlutaðeigandi hagsmunaaðila varðandi umfang og eðli breytinga á veginum. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma ótvírætt fram að breytingar eða styrking vegarins séu hluti að fyrirhuguðum framkvæmdum en ljóst er að Fjallabaksleið nyrðri er skv. vegakerfi Vegagerðarinnar flokkaður sem fjallvegur (F-208). Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram að umfang og eðli breytinga á Fjallabaksleið nyrðri verði í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda umhverfis- og samgöngumála varðandi fjall- eða hálendisvegi.

Skipulagsstofnun bendir á að ekki kemur fram í kaflanum hverjir eru skilgreindir sem *shlutaðeigandi hagsmunaaðilar*. Í ljósi mikilvægis þess að breytingar á Fjallabaksleið nyrðri séu í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda telur Skipulagsstofnun að hagsmuna- og samráðsaðilar þurfi að vera umhverfis- og innanríksráðuneyti, ferðamálayfirvöld, Umhverfisstofnun og fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs, Skaftárhreppur og Vegagerðin. Stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslu komi skýrt fram sjónarmið og rökstuðningur þessara aðila um umfang uppbyggingar Fjallabaksleiðar nyrðri.

Tilgangur og markmið

Umhverfisstofnun gerði í umsögn sinni athugasemd við að markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum væru óljós. Í svörum Suðuroorku við umsögninni kom m.a. fram að samkvæmt upplýsingum frá Landsneti sé fyrirsjáanlegur aflskortur í raforkukerfinu nema að kostir vatnsaflsvirkjana verði nýttir til aflframleiðslu. Skipulagsstofnun telur að fjalla þurfi nánar um þetta atriði í frummatsskýrslu.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Rof og aurburður. Í kafla 5.5.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði umfang rofs úr lóni metið og eins verði nánari lýsing á leirfoki sem átt hefur sér stað úr farvegi Skaftár í gegnum tíðina. Samkvæmt umfjöllun í kaflanum virðist fyrst og fremst vera gert ráð fyrir að meta neikvæð áhrif vegna rofs úr lóni á gróður. Skipulagsstofnun bendir á að skv. upplýsingum í ofangreindum kafla muni rennsli milli Rótarhólma og Búlands minnka miðað við núverandi aðstæður með veitu Skaftár ofan Rótarhólma sem geti valdið því að minni skolun verði á auri sem leiði af sér leirfok úr farvegi. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að leggja mat á hvort og hversu mikil aukning geti orðið á leirfoki úr farvegi Skaftár vegna veitu Skaftár ofan Rótarhólma miðað við náttúrulegar aðstæður. Ef

niðurstöður matsins gera ráð fyrir aukningu leirfoks þarf að leggja mat á áhrif þess á gróður og nálægar byggðir.

Í athugasemdum er bent á að óvissa sé um aðgerðir vegna aukins aurburðar í Skaftárhlaupum. Framkvæmdaraðili hefur í svörum sínum bent á að hann er meðvitaður um óvissu þessa og að tæknilegir þættir eins og stjórnun á aur og aðrir þættir sem gætu haft áhrif á rekstur virkjunar séu til skoðunar samhliða mati á umhverfisáhrifum. Þá hefur framkvæmdaraðili í svörum sínum við umsögn Umhverfisstofnunar bent á að aurburðarrannsóknunum muni verða lokið áður en frummatsskýrsla verði lögð fram og að niðurstöður þeirra verði birtar í skýrslunni. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að fyrrnefndar niðurstöður liggi fyrir þar sem að mati stofnunarinnar er hér ekki eingöngu um tæknileg atriði að ræða sem snúa að rekstri virkjunarinnar heldur kann það að skipta verulegu máli varðandi hugsanleg umhverfisáhrif (aukið rof og fok, áhrif á byggðir, gróður og ferðamenn) til hvaða aðgerða verði gripið til þess að stjórna aurburði.

Heildarrask. Í kafla 5.5.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðmyndanir og í kafla 5.5.3 um gróður. Þar sem umfang rasks er eitt af þeim viðmiðunum sem leggja ber til grundvallar mati á vægi áhrifa á viðkomandi umhverfisþætti telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að greina frá heildarraski sem verður annars vegar á gróðri af völdum fyrirhugaðra framkvæmda og hins vegar á Skaftáreldahrauni eða öðrum jarðmyndunum eftir því sem við á.

Áhrif á búskap. Í athugasemdum hefur verið bent á að hætta sé á að búskapur leggist af á einhverjum jörðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að markmið framkvæmdaraðila sé að ekki þurfi að koma til þess að búskapur leggist af vegna virkjunar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að ítarlega sé fjallað um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á búskap og mótvægisáðgerðir og m.a. gerð grein fyrir því hvernig eigi að tryggja að búskapur muni ekki leggjast af á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Gera þarf grein fyrir hversu margar jarðir verða fyrir neikvæðum áhrifum og hvaða jarðir er um að ræða og hvers eðlis áhrifin eru. Í þessu sambandi bendir Skipulagsstofnun á að í athugasemdum landeigenda í Gröf kemur m.a. fram að leyfi landeiganda liggi ekki fyrir og ekki hafi verið samið við þá um nýtingu lands. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í frummatsskýrslu sé gert grein fyrir því samráði sem átt hefur sér stað við landeigendur og upplýsingar um afstöðu þeirra sbr. 4. tl. 18. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Áhrif á gróður og endurheimt. Landgræðslan bendir á í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir hvernig árangur verði metinn af endurheimt gróðurlendis og hver beri ábyrgð á því mati og telur Skipulagsstofnun að þessar upplýsingar þurfi að vera til staðar í frummatsskýrslu sem hluti af boðaðri, ítarlegri umfjöllun um áhrif á gróður.

Sjónræn áhrif. Í kafla 5.5.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Ein helstu sjónrænu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda er minnkandi rennsli í Skaftá og Tungufljóti og telur Skipulagsstofnun mikilvægt að auk þess að sýna ásýndarbreytingar vegna mannvirkja, s.s. veitumannvirkja, vega, efnistöku- og haugsetningarsvæða á ljósmyndum fyrir og eftir framkvæmdir þurfi að sýna hvernig ásýnd fljótanna breytist frá nokkrum sjónarhornum vegna minnkandi rennslis.

Umfang framkvæmda-frágangur

Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess í umsögn sinni að í frummatsskýrslu komi fram rökstuðningur fyrir því hvers vegna svo langir og miklir garðar, sem eru hluti af veitumannvirkjum sunnan Hólaskjól, verði nauðsynlegir til að beina rennsli í aðveitugöng. Jafnframt bendir stofnunin á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir frágangi sem miði að því að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja með tillögum og dæmum. Skipulagsstofnun tekur undir nauðsyn þess að ofangreindur rökstuðningur liggi fyrir

sem og tillögur og dæmi um með hvaða hætti framkvæmdaraðili hyggist lágmarka sjónræn áhrif.

Kostnaðar- og ábatagreining

Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að æskilegt sé að fram fari kostnaðarnytjamat (CBA) á svæðinu. Skipulagsstofnun er meðvituð um tilvist aðferða til að meta til fjár þau náttúrulegu verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir, s.s. kostnaðar-ábatagreiningu og skilyrt verðmætamat. Eins og framkvæmdaraðili bendir á í svörum við ábendingum Umhverfisstofnunar hefur ekki skapast hefð fyrir því að beita slíkum aðferðum hérlendis við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda auk þess sem ekki verður séð í ákvæðum laga og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum að gert sé ráð fyrir þeim möguleika að kostnaðar- og ábatagreiningu væri beitt í umhverfismati framkvæmda. Skipulagsstofnun telur að þessi aðferðafræði sé umdeild og hefur m.a. verið bent á, að það að setja verðgildi á umhverfisþætti geti haft í för með sér að þau einkenni áhrifa sem framkvæmd getur haft í för með sér á umhverfið, t.d. šóafturkræf áhrifö falli í skuggann af verðgildinu. Skipulagsstofnun telur að aðferðir við að meta náttúruleg verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir geti í sumum tilfellum átt rétt á sér í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en að í tilfelli fyrirhugaðra framkvæmda sé alls óvíst hvernig standa ætti að slíku mati. T.d. liggur ekki fyrir hver myndi eiga að leggja fjárhagslegt mat á verðmæti ósnortinna víðerna, til þess að taka dæmi um einn umhverfisþátt og með hvaða hætti ætti að standa að því mati.

Að framansögðu telur Skipulagsstofnun að ekki séu forsendur til að fram fari kostnaðar- og ábatagreining vegna fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar.

Breytingar frá tillögu að matsáætlun

Í kafla 3.3 í tillögu að matsáætlun og í svörum við umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um hugsanlegar breytingar á tilhögun virkjunar. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal efni og gerð frummatsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun. Eins og fram kemur í svörum Suðurorku við umsögn Umhverfisstofnunar mun tilhögun virkjunar verða í öllum meginatriðum eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun gerir skv. þessu ekki ráð fyrir að meiri háttar breytingar verði á framkvæmdaþáttum eins og lónsstærð, stærð mannvirkja, s.s. stíflum og leiðigörðum, magni efnistöku og haugsetningarmagni. Stofnunin leggur engu að síður áherslu á að ef til þess kemur að einhverjar breytingar verði á framkvæmdaáformum þá þurfi að fjalla sérstaklega um þau í kafla í frummatsskýrslu um frávik frá matsáætlun.

Yfirlitsmynd og kort

Skipulagsstofnun vill benda á nauðsyn þess að yfirlitsmynd í frummatsskýrslu taki til stærra svæðis en sú sem birt er í tillögu að matsáætlun og sýni m.a. afstöðu framkvæmdasvæðis til marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Stofnunin telur æskilegt að yfirlitsmyndin sé í stærð A-3 í stað A-4.

Jakob Gunnarsson

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Skaftárhreppur, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Ásta Arnardóttir, Hildur M. Einarsdóttir, Ingibjörg G. Guðmundsdóttir, Jón M. Guðmundsson, Jón Geir Ólafsson, Ólöf Ólafsdóttir, Ólafur Björnsson og

Steinunn Guðjónsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Ólafur S. Andrésson og Sigrún Helgadóttir, Sigríð Valtingoer og Snorri Sigurjónsson